

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Hafnarstræti 107, 4. hæð · Pósthólf 77 · 602 Akureyri · Sími 461 1007 · Fax 461 2137 · Kenning: 11072008

Erindi nr. P 122/177

Erindi nr. P 122/177

komudagur 21.11.197

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

Akureyri, 20. nóvember 1997.

Efni: Athugasemdir við frumvarp til dómstólalaga.

I.

Athugasemdir þessar eru gerðar að beiðni allsherjarnefndar. Frumvarpið barst hinn 10. nóvember sl., með ósk nefndarinnar um að umsögn bærist nefndasviði Alþingis eigi síðar en 20. nóvember. Þer umsögnin þess merki hve skammur tími hefur verið til að gera hana.

II.

Hvað varðar I. kafla frumvarpsins er rétt að gera athugasemd við þá heimild sem fyrirhuguð er með 7. gr. þess að veita forseta Hæstaréttar áfram heimild til að ákveða að einn dómari skipi dóm í kærumáli. Telja verður óeðlilegt að aðeins einn dómari á æðra dómstigi fjalli um niðurstöðu eins dómara á lægra dómstigi, jafnvel þótt forseti Hæstaréttar telji hana ekki varða mikilsverða hagsmuni. Skiptir þar engu þótt ætla verði að þessi heimild verði lítið notuð áfram, enda er hún þá þeim mun óþarfari sem ætla má að notagildi hennar yrði minna. Væri því heppilegra að þessi málsliður yrði orðaður á þennan veg: *Þá getur forseti ákveðið að einn dómari haldi þing til að taka ákvörðun um rekstur máls eða kveða upp dóm.*

Með sama sjónarmið í huga er rétt að leggja til að við 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins bætist nýr málsliður, svohljóðandi: *Eigi skulu færri en fimm dómarar skipa dóm í máli, ef héraðsdómur í því var kveðinn upp af þremur héraðsdómurum.*

Lagt er til að við 11. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómar Hæstaréttar, ásamt viðkomandi héraðsdómi, skulu jafnframt vera aðgengilegir á tölvutæku formi í gagnabanka sem opinn er notendum Internets eða sambærilegs tölvunets án sérstaks aðgangseyris. Um tilhögun þessarar útgáfu fer að öðru leyti eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

Óþarft er að skýra þessa tillögu sérstaklega fyrir Alþingi, sem hefur af myndarskap gert verulegan hluta þess texta sem frá því fer aðgengilegan með sambærilegum hætti og hér er lagður til.

II.

Með frumvarpinu er lagt til að fjöldi héraðsdómara við hvern héraðsdómstól verði ekki ákveðinn með lögum, svo sem verið hefur. Skal ákvörðun hér um fengin dómstólaráði skv. frumvarpinu. Má taka sem dæmi um þá breytingu sem hér er lögð til, að ekkert girðir fyrir það svo séð verði að dómstólaráð ákveði að enginn dómari skuli starfa við tiltekinn héraðsdómstól.

Þá er einnig lagt til með frumvarpinu að sá háttur verði hafður á sem verið hefur í reynd að Alþingi ákveði fjárveitingu til rekstrar héraðsdómstóla að fenginni tillögu dómsmálaráðherra, en með þeirri breytingu að í stað þess að hverjum einstökum héraðsdómstól verði veitt fé til rekstrar verði fjárveitingin sameiginleg og dómstólaráði falið að skipta henni milli einstakra dómstóla.

Hvor þessara tillagna um sig, hvað þá báðar til samans, ásamt fleiri atriðum í frumvarpinu þeim tengdum, fela í sér verulega skerðingu á sýnilegu og raunverulegu sjálfstæði héraðsdómstóla og þar með héraðsdómaranna sem við þá starfa, svo mikla að þær virðast andstæðar megingiltangi frumvarpsins, sem samkvæmt athugasemdum sem því fylgja er sagður verða að styrkja stöðu og sjálfstæði dómstólanna sem þriðju valdstoðar ríkisins og meðal annars auka þannig tiltrú almennings á starfsemi þeirra.

Vegna þessa þykir óhjákvæmilegt að leggja til að frumvarpinu verði breytt á þann veg að í 2. gr. þess verði fjöldi dómara við hvern einstakan dómstól tiltekinn. Þá verði því einnig breytt í þá veru að Alþingi veiti fé til hvers dómstóls árlega með fjárlögum að fengnum tillögum dómstjóra, sem þingið getur aflað umsagnar dómstólaráðs og/eða dóms- og fjármálaráðherra um eftir því sem það telur ástæðu til. Að auki verði ákveðið, með sambærilegum hætti og lagt er til í frumvarpinu til að jafna álagi á dómstólana og styrkja stöðu minni dómstóla, að þrír héraðsdómarar eigi ekki sæti við ákveðinn dómstól, heldur sinni þeir störfum við alla héraðsdómstóla eftir

Því sem þeim kann að vera úthlutað af málum við hvern þeirra í skjóli almennrar heimildar dómstólaráðs, sem ákveði hvar þeir hafi starfstöð. Greiðist laun þeirra af fjárveitingu til dómstólaráðs, sem bæði vegna þessa og annarra ákvæða frumvarpsins er óhjákvæmilegt að fái sérstaka fjárveitingu á fjárlögum til að geta sinnt þeim verkefnum sem lagt er til með frumvarpinu að því verði fengin.

Hvað kostnað af þessum breytingum varðar að öðru leyti, er rétt að benda á tillögu hér á eftir um tímabundna fjölgun héraðsdómara, svo og að eins og segir í athugasemdum við frumvarpið ætti að geta orðið grundvöllur til að fækka héraðsdómurum á síðari stigum að fenginni reynslu af breyttri skipan, sem gæti þá orðið á þann veg að annað hvort yrði fækkað þeim dómurum sem ekki ættu sæti við ákveðinn dómstól, eða að varanlega yrði fækkað dómurum við einstaka dómstóla. Þá má benda á að flutningur verkefna frá dómmálaráðuneyti til dómstólaráðs sem fyrirhugaður er með frumvarpinu ætti að geta leitt til minnkaðs álags hjá fyrrnefnda stjórnvaldinu og þar með sparnaðar í rekstri þess.

III.

Með frumvarpinu er lagt til að embætti dómarafulltrúa verði lögð niður og skipaðir héraðsdómarar fari með öll dómstörf í héraði framvegis. Er rétt að taka fram að þessi tillaga þykir heppileg. Á hinn bóginn þykir ekki verða framhjá því horft að við a.m.k. suma héraðsdómstólana starfa nú mjög reyndir og hæfir dómarafulltrúar, sem verulegur missir væri að og er langt frá því að sé augljóst eða tryggt að muni fást til að nýta sér þann kost sem þeim er með frumvarpinu gefinn á störfum aðstoðarmanna samkvæmt 17. grein þess. Er varhugavert að gera ráð fyrir að dómstólarnir gætu annað verkefnum sínum í bráð af þessum sökum með viðunandi hætti, ef frumvarpið verður að lögum óbreytt. Til að draga úr þeirri hættu sem í þessu felst þykir rétt að leggja til að í VI. kafla frumvarpsins verði mælt svo fyrir að þeir dómarafulltrúar sem við gildistöku þess fullnægja skilyrðum 12. gr. þess til að fá skipun í embætti héraðsdómara skuli eiga kost á skipun í slíkt embætti ef þeir óska þess. Yrði dómstólaráði samhliða þessu falið að ákveða tímabunda fjölgun dómaraembætta við einstaka héraðsdómstóla, eftir því sem á þyrfti að halda af þessum sökum, þannig að ekki yrði skipað í stöður sem losnuðu við þá, uns þeim fjölda yrði náð sem lagður yrði til í frumvarpinu í breyttri mynd samkvæmt tillögu hér að ofan, auk þess sem með þessum hætti yrðu mannaðar stöður dómara án fasts sætis við einstaka héraðsdómstóla. Í tengslum við þessa breytingu væri rétt að fela dómstólaráði það með öðru bráðabirgðaákvæði að gera rökstudda tillögu til Alþingis fyrir 1. september 2001 um endurskoðun á ákvæðum þeirra um fjölda dómara við einstaka dómstóla og fjölda dómara án fasts sætis við einstaka dómstóla. Ætti með þessu að verða séð við þeirri hættu sem að frumvarpinu óbreyttu er á of miklu álagi á

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Hafnarstræti 107, 4. hæð · Pósthólf 77 · 602 Akureyri · Sími 461 1007 · Fax 461 2137 · Kennit. 661191-3419

dómstólana í bráð af því að stöður dómarafulltrúa verða lagðar niður, jafnframt því sem þessi aðferð yrði að teljast sæmilegri gagnvart eldri og reyndari dómarafulltrúum en sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir í núverandi mynd. Þeir dómarafulltrúar sem ekki ættu kost á dómaraembættum skv. þessu, eða vildu ekki nýta sér hann, yrðu að eiga kost á starfi skv. 17. gr. frv., eða biðlaunum, eins og lagt er til í 41. gr. þess.


IV.

Rétt er að taka fram að fleiri ákvæði er að finna í frumvarpinu sem eru til þess fallin að draga úr sýnilegu og raunverulegu sjálfstæði dómara. Má t.d. nefna ákvæði um að dómstjóri og eftir atvikum dómstólaráð ákveði hverjir taki sæti með dómsformanni í fjölskipuðum dómi, skyldu dómara til að taka slíkt sæti, það að ekki er gert ráð fyrir setningu í embætti dómara sem forfallast vegna veikinda eða náms og svo mætti lengi telja. Gera verður ráð fyrir að þessum atriðum verði gerð betri skil í umsögn stjórnar Dómarafélags Íslands.

V.

Að lokum skal tekið fram að sjálfsagt er og eðlilegt, ef nefndin óskar, að rökstyðja ofangreindar tillögur ýtarlegar en hér hefur verið gert og útfæra þær nánar, meðal annars þá með því að breyta einstökum ákvæðum frumvarpsins og orða ný ákvæði eftir því sem þörf er á.

Virðingarfyllst,



The image shows four handwritten signatures in blue ink, stacked vertically. The top signature is the most legible and appears to be 'Sigrún Ólafsdóttir'. The second signature is 'Hilmar Örnólfsson'. The third signature is 'Sigrún Ólafsdóttir'. The bottom signature is 'Sigrún Ólafsdóttir'.